

**Nd.**

**221. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun stýrimannaskóla á Ísafirði.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að mæla ekki með því, að það nái fram að ganga.

Liggja þau rök til þess fyrst og fremst, að ef stýrimannaskóli yrði settur á stofn á Ísafirði, þá hlyti af því að leiða, að mjög bráðlega yrðu að minsta kosti 4—5 slíkir skólar á landinu. Þetta álitur nefndin mjög varhugavert af þeirri ástæðu, að því fleiri sem skólarnir verða, því minni líkindi eru til, að viðunandi kenslukraftar fáiist. En gagn og álit einstakra skóla hlýtur mjög að fara eftir því. Gæti þá svo farið, að skipstjóraefnin yrðu í mismunandi álitum og jafnvel ólíkt undirbúin, eftir því í hvaða fjórðungi þeir hefðu sótt skóla. En þetta hlyti að verða íslenskri sjómannastjett til boga og rýra hana í álitum. Nefndin er sannfærð um það, að langmest og best trygging fyrir því, að skipstjóraefni Íslands fái góða og fullkomna mentun sje það, að hafa að eins einn skóla og efla hann sem best. Ef sú raun er orðin á, að stýrimannaskólinn í Reykjavík sje of lítill, þá er auðsætt, að ráða verður bót á því með því að stækka hann hið fyrsta, sem hentugleikar leyfa.

Þó nú nefndin vilji ekki aðhyllast frumvarp þetta um fiskiskipstjóraskóla á Ísafirði, þá álitur hún nauðsynlegt, að haldið sje uppi námskeiðum á ýmsum stöðum til þess kenna mönnum það, sem heimtað er til þess, að þeir eigi rjett á að vera skipstjórar á íslenskum skipum í innanlandssiglingum, sem eru að stærð 12—30 smálestir. Mun hentugast að hafa framvegis sama fyrirkomulag og hingað til, að veita Fiskifjelagi Íslands fje til þess að láta halda námskeið í þessu skyni, og hafa fjeð sem ríflegast, svo námskeiðin geti verið á minsta kosti 3—4 stöðum utan Reykjavíkur.

Alþingi, 30. júlí 1917.

Bjarni Jónsson frá Vogu,  
formaður.

Magnús Pjetursson,  
ritari og framsm.

Stefán Stefánsson.

Jörundur Brynjólfsson.

Sveinn Ólafsson.